

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *51. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 29. janúar 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. H.S.P. Sveinn Aðalsteinsson mætir til fundarins.
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
4. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni.
5. Fundargerð Bygginganefndar dags. 15. janúar.
6. Erindi frá Halldóri Grönvold f.h. ASÍ, er varðar hagi atvinnulausra.
7. Aðalskipulagsbreyting við Kröflu.
8. Verkefnið „Íslensku jólasveinarnir í Dimmuborgum“.
9. Tilnefning í samráðshóp sjálfbærniverkefnis Alcoa á Íslandi, Landsnets og Landsvirkjunar/Peistareykja.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 5. janúar.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. H.S.Þ. Sveinn Aðalsteinsson mætir til fundarins.

Tilfnið er ósk um framlag til reksturs H.S.Þ. Annars vegar er um að ræða framlag frá sveitarfélögunum sambærilegt því sem fór í gegnum Héraðsnefnd Þingeyinga og hins vegar framlag til aksturssjóðs H.S.Þ. Hugmynd H.S.Þ. lýtur að því að sveitarfélögin á sambandssvæðinu leggi aksturssjóðnum til fjármagn sem mótfamlag við framlag Alcoa foundation og ríkisins sem nemi kr. 400,- pr. íbúa og gildi til tveggja ára, jafnframt því sem sveitarfélögin leggi sambandinu til kr. 600,- pr. íbúa sem jafngildi úthlutun frá Héraðsnefnd. Sveitarstjórn samþykkir styrk til H.S.Þ. sem nemur kr. 600,- pr. íbúa miðað við íbúafjölda 1. des. 2007, vegna ársins 2008. Auk þess samþykkir sveitarstjórn að styrkja héraðssambandið um kr. 600,- á íbúa annars vegar sem er samsvarandi framlagi Héraðsnefndar og hins vegar um kr. 400,- pr. íbúa vegna aksturssjóðs. Þessi ákvörðun gildir fyrir árin 2009 og 2010, miðað við íbúafjölda 1. des. ársins á undan.

3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.

Farið yfir fjárhags- og fjárfestingaáætlun næstu þriggja ára. Vísað til seinni umræðu.

4. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni.

Erindi hefur borist frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigendafélags Reykjahlíðar ehf. er varðar eignar- og umgengnisrétt LÍV Húsavíkurdeildar á Rauðuborgarkofa. Sveitarstjórn felur Kristjáni Stefánssyni að óska eftir viðræðum við LÍV Húsavíkurdeild um breytingu á 3. grein samnings um byggingu gangnamannahúss frá 16.11. 1989. Guðrún María vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Fundargerð Bygginganefndar dags. 15. janúar.

Fyrsti liður fundargerðarinnar þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir gistiskála á Skútustöðum á við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Bygginganefndar.

6. Erindi frá Halldóri Grönvold f.h. ASÍ, er varðar hagi atvinnulausra.

Með bréfi eru kynntar hugmyndir Alþýðusambands Íslands er varða sérstaklega hagi atvinnulausra. Í bréfinu kemur fram að reynslan bæði hér á landi og erlendis sem og rannsóknir, sýni að virkni er lykिलatriði þegar kemur að því að tryggja eins og kostur er að fólk sem er án vinnu haldi líkamlegri og andlegri heilsu og takist með uppbyggilegum hætti á við aðstæður sínar. Í samstarfi verkalyðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda, stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga o.fl. hefur framangreindum sjónarmiðum verið mætt með ýmsum hætti á síðustu vikum og mánuðum. M.a er kynnt sú hugmynd fyrir sveitarfélögunum hvort þau séu tilbúin að bjóða atvinnulausu fólki í viðkomandi sveitarfélagi að nýta sér sundstaði sem reknir eru af sveitarfélögunum án endurgjalds.

Sveitarstjórn samþykkir að atvinnulausir einstaklingar með lögheimili í Skútustaðahreppi fái frítt í ÍMS. Gildir þessi ákvörðun til 1. júní n.k.

7. Aðalskipulagsbreyting við Kröflu.

Frestað til næsta fundar.

8. Verkefnið „Íslensku jólasveinarnir í Dimmuborgum“.

Til fundarins mæta Reinhard Reynisson og Gunnar Jóhannesson frá Atvinnuþróunarfélaginu og Stefán Gunnarsson og Þorgeir Gunnarsson frá Mývatnsstofu. Tilfni þess er erindi frá Atvinnuþróunarfélaginu þar sem óskað er eftir styrk við verkefnið Íslensku Jólasveinarnir í Dimmuborgum. Farið var yfir ástæður þess að verkefnið færist frá AÞ yfir til Mývatnsstofu. Fram kom að mikil aukning hefði orðið á milli ára á fjölda þeirra gesta sem sækja jólasveinana heim og er það vel, hins vegar er stór markaður enn óunninn í þessum efnunum. Fyrirnefnd styrkumsókn er liður í því að þróa og markaðssetja verkefnið áfram. AÞ er tilbúið að styðja áfram við verkefnið með ýmsum hætti en fjárhagsleg ábyrgð verkefnisins flyst til Mývatnsstofu.

Sveitarstjórn lýsir þeirri skoðun sinni að ekki sé óeðlilegt að þeir sem að verkefninu koma og hag hafi af því sameinist um fjármögnun þess. Verkefnið Íslensku Jólasveinarnir í Dimmuborgum hefur sýnt og sannað að það eigi framtíðina fyrir sér en enn um sinn mun það þurfa einhvern utanaðkomandi fjárstuðning.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið að þessu sinni um kr. 250. þús. og lýtur svo á að fyrirnefndur stuðningur falli undir 3. gr. Vaxtarsamnings Norðausturlands.

9. Tilnefning í samráðshóp sjálfbærni-verkefnis Alcoa á Íslandi, Landsnets og Landsvirkjunar/Þeistareykja.

Með bréfi óska Alcoa á Íslandi, Landsnet og Landsvirkjun/Þeistareykir eftir fulltrúa frá Skútustaðahreppi sem taki þátt í samráðsferli um þróun sjálfbærnivísa vegna uppbyggingar og starfsemi fyrirhugaðs álvers á Bakka, virkjana og flutningslína.

Sveitarstjórn samþykkir að Guðrún María Valgeirsdóttir verði fulltrúi Skútustaðahrepps.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.